



Sumarstörf 2019

Dagdvöl aldraðra

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar auglýsir eftir sumarstarfsmönnum í dagdvöl aldraðra. Unnið er í dagvinnu og er tímabil ráðningar frá byrjun júní til ágústloka. Sveigjanleiki er í boði varðandi starfshlutfall (50%-100% starfshlutfall).

Starfssvið:

Starfsmaður vinnur eftir daglegu skipulagi Dagdvalar í samráði við forstöðumann og samstarfsfólk. Starfsmaður styður dvalargesti til sjálfstæðis og sjálfræðis, ásamt því að efla færni og sjálfsbjargargetu heima og í dagdvöl. Starfsmaður eflir, leiðbeinir og hvetur dvalargesti við athafnir daglegs lífs, s.s. persónulega umhirðu og aðstoðar við sund, böðun og á matmálistímum. Starfsmaður hvetur og eflir dagdvalargesti til þátttöku í starfsemi dagdvalar, líkt og hópastarfi, samverustundum, upplestri, söng, leikfimi, sundi, gönguferðum o.s.frv.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Almenn tölvuþekking og færni.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.
- Skilyrði er að umsækjendur tali og skilji vel íslensku.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, háttvísi og kurteisi.
- Jákvæðni, starfsgleði, frumkvæði og sveigjanleiki.
- Samvirkusemi og stundvísi.
- Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2019

Nánari upplýsingar um störfin veitir:

Stefanía Sif Traustadóttir, forstöðumaður, í síma 453-5909 / 692-5909 eða stefaniast@skagafjordur.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag. Um er að ræða starfsheitið starfsmaður við dagvist aldraðra.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störf í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is (laus störf). Með umsókn skal fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Karlar, sem og konur, eru hvattir til að sækja um.

Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði við fólk sem að staðaldrif þarf eftirlit og aðstoð við athafnir daglegs lífs til að geta búið áfram heima eins lengi og kostur er.

Dagdvölin er til húsa í Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks en er rekin af Sveitarfélaginu Skagafirði. Opið er alla virka daga frá kl. 08:30 – 15:30. Þar er boðið upp á ýmskonar afþreyingu s.s. sund og æfingar í Endurhæfingarstöð HSN, föndur og spil.